

Sp.

89. Tillaga

til þingsályktunar um skýrslugerð um opiubera sjóði.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

Alþingi leggur fyrir fjármálaráðherra að fela hagstofunni að safna til og gefa út, þegar á þessu ári, fullkomna skýrslu um hverskonar opinbera sjóði, hvort sem þeir eru í umsjá ríkis, bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga, opinberra stofnana eða annara. Skal í skýrslunni greint frá stofnun hvers sjóðs og tilgangi, stofnendum og forráðamönnum, upphaflegri eign, hvar og hvernig fé sjóðsins hefir verið ávaxtað, hvernig því hefir verið varið og loks, hverjar eignirnar eru og hvernig þeim er ráðstafað þegar skýrslan er gerð.

Greina gerð.

Um einn opinberan sjóð og meðferð á eignum hans hefir mikið umtal orðið hinar síðustu vikur. Skal enginn ætla, að þar með sé sögð saga allra opinberra sjóða, og er hin mesta þörf á allsherjar eldhúsdegi um þessi efni. Liggur þá fyrst fyrir að láta þá rannsókn og skýrslugerð fara fram, sem tillagan gerir ráð fyrir, enda er það nauðsynleg undirstaða til framkvæmdar þeirri löggjöf, sem vænta má, að sett verði á þessu þingi til tryggingar heiðarlegri meðferð opinberra sjóða eftirleiðis.